

# Frumvarp til laga

um

**breyting á lögum nr. 25, 3. okt. 1903 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga.**

(Lagt fyrir alþingi 1912).

Það er hjer eftir leyfilegt að ráða menn á skip, þótt skoðunargerð samkvæmt lögum nr. 25, 3. okt. 1903 hafi ekki farið fram, en ekkert skip má leggja út á fiskiveiðar eða til vöruflutninga fyrir en skoðunarmenn hafa vottað, að það fullnægi skilmálum nefndra laga. Skoðunargerðina skal senda ráðningarstjóra. Ráðningarstjóri gerir lögreglustjóra viðvart um þau skip, sem hann hefur ráðið menn á og lagt hafa út, en hafa enga eða ófullnægjandi skoðunargerð sent.

Lögreglustjóri útnelnir skoðunarmenn og ákveður starfssvæði þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þessi breyting á lögnum um eftirlit með þilskipum er nauðsynleg vegna breytingarinnar á ráðningu skipverja, sem stungið er upp á í 75.—77. gr. siglingalagafrumvarpsins. Brot á ákvæðinu um skoðunargerð áður en skipið leggur út, fellur auðvitað undir hegningarákvæði laganna 1903. Til frekari tryggingar því að lögnum verði framfylgt er ráðningarstjóra gert að skyldu að tilkynna lögreglustjóra þau skip, sem hann ræður menn á og líkur eru til að hafi vanrækt fyrir mæli þessi.